

# LEIÐ

FÖSTUDAGUR 5. MARS 2021

Íslenskt  
láttu það ganga



Verk myndlistarkonunnar Dóru Emilsdóttur eru falleg ljóðræna sem birtist á mörkum líkama og landslags; tabú þar sem allt er leyfilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Frumstæð hvöt að mála

Glæstar og óræðar primadonnur hafa fylgt listakonunni Dóru Emilsdóttur í árafjöld. Hún segir myndlist óvissuferð en hægna businesshugmynd, enda sé sköpun listafólki í blóð borin og köllun sem ekki er unnt að vanrækja. ➔2



POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS

**ALOE VERA**  
HREINN SAFI



**30**  
DAGA  
SKAMMTUR

## Framhald af forsiðu →

Þórdís Lilja  
Gunnarsdóttir  
thordisg@frettabladid.is



**M**ig hefur langað að mála síðan ég man eftir mér og mér er lífsnauðsynlegt að mála. Ég er haldin svo mikilli sköpunargleði og hvert einasta málverk sem ég mála upplifi ég sem þroskandi ferðalag," segir myndlistarkonan Dóra Emilsdóttir.

Dóra hefur lagt stund á myndlist í fjórutíu ár. Hún stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk meistaraáráði við Gerrit Rietveld-akademíuna í Hollandi. Verk hennar eru samspil hins óræða og hins hlutbundna; ljóðræna sem birtist á mörkum líkama og landslags, tabú þar sem allt er leyfilegt, glimmer, dúllur, bleikar blúndur og glitrandi ský.

„Mér finnst erfitt að útskýra málverk ef það er ekki augljóst fjall með sitt alkunna örnefni. Mynd hefur sitt eigið tungumál og snýst um skynjun og upplifun. Ef maður reynir að útskýra myndir um of eyðileggur maður þær. Þetta snýst um frjálst flæði og tilfinningar og með það í farangrinum fer maður af stað," segir Dóra.



Margslungin og litrík andlit Dóru.

Eitt af aðalsmerkjum hennar eru litríkar andlitsmyndir. Hún vinnur með margvísleg efni en nú mestmegnis blek og lökk.

„Ég hef alltaf málað primadonnur og margir sem eiga þannig verk eftir mig en ég nenni ekki alltaf að gera það sama og mála líka abstrakt. Primadonnurnar



Ein af fögrum primadonnunum Dóru.

voru upphaflega hugsaðar sem sjálfsmýndir og margir segjast sjá mig í verkunum, sem er alveg rétt, en þó eru þetta konur í ýmsum birtingarmyndum. Ég reyni því ekki að mála einhverja sérstaka konu heldur skynjar áhorfandinn tjáningu og tilfinningu konunnar í myndunum," útskýrir Dóra.

#### Áráttutengt að mála

Dóra hefur haldið ótal einkasýningar og tekið þátt í fjölda



Ægifagurt abstraktverk eftir Dóru.

samsýninga hér heima og utan landsteinanna. Þá eru verk hennar til viðs vegar í opinberri eigu og einkaeygu fólks.

„Mér finnst mikilvægt að hafa gaman af myndlistinni og húmor fyrir henni, annars verður hún leiðinleg. Maður má ekki heldur hafa of miklar væntingar eða áhyggjur af því hvað öðrum finnst. Það er frumstæð hvöt að mála og hún er óháð markaðslögmálum. Maður verður líka að vera trúr

sjálfum sér, það er eina leiðin, en svo snýst þetta líka mikið um tilviljun og heppni, og líka tísku. Stundum nær maður í gegn og stundum ekki, en ég held að flestir listamenn séu þannig að þeir geti ekki hætt. Það er áráttutengt að mála. Sumir eru svo meira business-fólk en aðrir en mitt málverk er í stöku upplagi og ég hef ekki enn sett þau á prent, en hver veit hvað verður. Það er góð hugmynd í sjálfu sér og gefur fleirum tækifæri á að setja íslenska list upp heima hjá sér," segir Dóra sem selur verk sín meðal annars á appolloart.is sem er fyrsta íslenska listagalleríð sem selur málverk á netinu.

„Þannig er nútíminn. Fólk vill geta farið á netið og skoðað málverk til kaups heima í stofu. Mér finnst það frábært og hjá Appollo eru dýrðlegir náungar," segir Dóra.

„Myndlist er óvissuferð. Maður getur ekki hætt að mála, hvort sem gengur vel eða illa. Sköpunin er manni í blóð borin og getur aldrei orðið hreinræktuð businesshugmynd því það er aldrei á vísan að róa með hvernig gengur. Málverk er hins vegar framlenging af manni sjálfum og maður gefur allt sitt í þau. Þau eru óstöðvandi farvegur sköpunar og þess vegna gæti ég ekki auðveldlega lagt penslana frá mér.“

# Vandamál heimsins hverfa

Ljós móðirin og myndlistarkonan Björk Tryggvadóttir segir mikilvægt að treysta á sjálfan sig við trönurnar. Hún segir áhrifavalda skaðvalda þegar kemur að sjálfstæðum smekk ungs fólks.

**M**amma sagði alltaf að það væri enginn vandi að gera abstrakt strik en sannleikurinn er sá að það er ógeðslega erfitt og meira en að segja það," segir myndlistarkonan Björk Tryggvadóttir. Hún er jafnframt ljósmóðir og brjóstgafarráðgjafi.

„Ég hef alltaf verið með puttana í að fíkta í málningu. Ég fór fyrst á námskeið hjá Myndlistaskóla Reykjavíkur og Myndlistarskólunum í Kópavogi þar sem kenndu kennarar frá listasviði Fjölbrotaskólans í Breiðholti. Þeir hvöttu mig til að mennta mig á listasviði skólans og þegar börnin mín þrjú voru komin aðeins á legg lét ég slag standa og lauk því námi. Ég sótti líka um í Mynd- og handíðaskólanum, um leið og þuríður Sigurðardóttir söngkona en okkur var sagt að við kæmumst ekki inn út af kennitölunni. Skólastjórinn bætti við að ef einn nemandi hætti við kæmist annar að og þuríður komst inn. Svona voru tímarnir þá, en þeir hafa sem betur fer breyst. Ég hef alltaf fengið mikinn

stuðning frá mannum mínum og fjölskyldunni og eitt leitt af öðru.“

#### Málað í sátt við náttúruna

Björk malar bæði abstrakt verk og figúratíf.

„Það er svo gaman og afstressandi að mála. Maður hverfur inn í eigin heim fyrir framan trönurnar og vandamál heimsins hverfa," segir Björk innan um heillandi málverk á vinnustofu sinni.

„Ég byrjaði að mála með vatnslitum, sem er erfiðasta efnið því maður strokar ekki út vatnsliti. Svo færði ég mig yfir í olíu en er nú komin í akrýlliti eftir að hafa sótt námskeið hjá bandarískum listamönnum. Þar liggur græn hugsun að baki, akrýllitir innihalda síður eitrefni og Bandaríkjamenn nota líka vatnsleysanlega oliuliti án eitrefna. Þetta er efst á baugi nú, það vill enginn vinna náttúrunni mein í sköpunarferlinu og nú mála ég mikið á spýtur og gróf efni sem ég rispa upp og endurvinn.“

Komin er fimm ár síðan Björk fór fyrst vestur um haf til að sækja



Björk hefur undanfarin ár bætt við sig myndlistarnámskeiðum í Bandaríkjunum þar sem hún segir í hávegum haft að vinna náttúrunni ekki mein með eitruðum litum eða öðrum skaðlegum efni við í listskópun.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
STEFÁN



Íslensk náttúra máluð við sumarhús Bjarkar; mosi, blóm og steinar.



Fagurt abstraktmálverk eftir Björk.

myndlistarnámskeið hjá mikilmetnum listamönnum í Ameríku.

„Þá þótti ég klikkuð að æða þetta út ein og mömmu leist ekkert á það og hélt að ég yrði skotin á næsta götuhorni," segir Björk og hlær við. „Maður fær mikið upp úr því að sækja slik námskeið. Það heldur manni við og opnar augu manns og ég vil gjarnan sækja áhrif annars staðar frá. Ég reyni að sækja innblástur í náttúruna og svo litapallettuna þegar ég mála abstrakt," segir Björk og hvetur til meira sjálfstæðis þegar kemur að listskópun og vali á listaverkum.

„Fólk þarf að þora að elta það sem því þykir fallegt. Eða eins og bandaríska listakonan og sálfræðingurinn Nancy Hillis sagði á námskeiði sem ég sótti og hét, „Trust in yourself". Hún sagði: „Treystu á sjálfan þig og gerðu það sem þú vilt. Farðu daglega á vinnustofuna og krotaðu minnst eitt strik til að nærast á listinni.“ Það hefur haft mjög sterk áhrif á mig," segir Björk.

Í ljósmóðurstarfinu hefur hún farið inn á ótal heimili ungs fólks með nýfædd börn.

„Þá hefur slegið mig að koma á hvert heimilið á fætur öðru sem er nær nákvæmlega eins, þar sem var röndóttur vasi, réttu kertastjakarnir og viss ljós. Mér finnst áhrifavaldar á Instagram virkilegir skaðvaldar. Við reynum að ala upp börnin okkar til að verða sjálfstæð en þau verða ekki sjálfstæð fyrir fimm ára eða þau apa allt upp eftir öðrum og láta áhrifavalda segja þeim hvernig smekkurinn og heimilið á að vera.“

#### Listahéimurinn hefur opnast

Björk er í myndlistarfélagunum Grósku í Garðabæ og Litlu Reykjavík. Hún hefur tekið þátt í samsýningum hér heima og eftir að hún fór að stunda námskeiðahald í Bandaríkjunum hafa henni opnast margar dyr til sýningarhalds þar, meðal annars í Pennsylvaníu, Georgíu og New York.

„Ég þekki orðið mikið af myndlistarfólki vestra og finn að það er fylgst með manni þaðan. Í lok mars verð ég með abstrakt-málverk í Georgíu, en Amerikanar eru ofboðslega hrifnir af abstrakt, og ekki sist unga fólk, eins og hér. Mér var einnig boðið að taka þátt í komandi Van Gogh-sýningu ytra en komst ekki til þess að taka þátt að þessu sinni," upplýsir Björk.

Hún er nýbyrjuð á námskeiðinu Art2Life hjá listamönnum Nicholas Vilton og Alice Sheridan.

„Það er rosalega flott námskeið með Zoom-kennslu, viðtölum, gagnrýni og verkefnaskilum. Mér finnst frábært hvað myndlistarmenn geta spreytt sig um veröld víða í dag, og mikið framboð er af frábærum námskeiðum og ekki sist eftir COVID, þegar héimurinn hefur allur opnast í gegnum netið.“

Sjá málverk Bjarkar á appolloart.is og Instagram: @bjorktry\_art

## Leyndarmál hvannarrótar

- Loft í maga? Glímir þú við meltingartruflanir?
- Næturbrolett eru tíð þvaglát að trufla þig?

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS  
**hvannarrót**  
100% náttúruleg hvannarrót  
60 HYLKI | FÆÐUBÓG | VEIÐI

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun, Hagkaupum og Nettó.

# Best ORGANIC BEAUTY BRAND 2020



Íslensku vörurnar frá Taramar unnu til  
5 verðlauna í “Global Makeup Awards 2020”



**GULL** Besta lífræna húðvöru línan  
**GULL** Besta næturkremið  
**GULL** Besta útlitshönnunin

**SILFUR** Augnkremið  
**SILFUR** Hreinsiolían

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Nýr Nissan Leaf e+ 62 kWh Tekna 3ja ára evrópsk verksmiðjuábyrgð. Með öllu sem hægt er að fá í þessa bíla. Svartur - hvítur og Dökkgrár. 1.284.000 undir listaverði á aðeins 4.990.000,-

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Þjónusta

### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþríf - Þríf eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### Málarar

#### REGNBOGALITIR.IS

Málningarbjónusta Við málum og spörslum hús og mannvirki innan sem utan. Við háþrýstipvolum, vatnsverjum og styrkjum steiningu og sjónsteypu. Við erum vandvirkir fagmenn með mikla reynslu. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utan hús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

### Meindýravarnir

#### Vantar þig meindýraeyðir?

Sé um öll smærri og stærri verk, eyðingu sem og ráðgjöf.

Upplýsingar í síma 780 4481.

Er með öll tilskilin leyfi.

Cultus/Jóhann

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÜRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK


Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



Rúnar Múrarari ehf  
S - 780 - 28 38

Tröppuviðgerðir - Húsviðgerðir - Pakmálun - Málningarvinna - o.m.fl.  
https://runarmurari.is



» Smíðavinna

» Múrvinna

» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780

prostone@prostone.is

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Múrarar

Get bætt við mig flíslögnum og múrvinnu, 20 ára reynsla. Uppl. í s. 866 3300

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:  
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

## Keypt & Selt

### Til sölu



#### VANTAR ÞIG ÓDÝRT HÚS?

Til flutnings! 38 ferm. 2 svefnh.2 baðh. fullbúið með húsgögnum. Verð 2.2.millur uppl. 820-5181

## Heilsa

### Nudd



#### TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þó, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

## Tilkynningar



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030

Sérstök búsetuáráð. Heimildir innan landnotkunarvæða.

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 11. febrúar 2021, tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, varðandi skerpingu á heimildum um staðsetningu sérstakra búsetuáráða innan mismunandi landnotkunarvæða.

Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Aðalskipulagstillagan var auglýst á tímabilinu frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Á auglýsingatímanum bárust 3 efnislegar athugasemdir. Vegna framkominna athugasemda er umrædd landnotkunarákvæði lítillega þrengd og kveðið skýrar á um að slíkar húsnæðislausnir, einkum þær sem kalla á nýbyggingar, verði ávallt háðar breytingu á deiliskipulagi. Krafa um deiliskipulag á þó ekki við þegar um er að ræða neyðaráráð, s.s. húskjól fyrir heimilislausu þar sem nýtt er húsnæði eða bygging sem er þegar til staðar.

Tillagan hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska frekari upplýsinga og að nálgast einstök í gögn í málinu geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar


Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Vanur flakari óskast, trainded filleter needed. Erum í Hafnarfirði. Uppl s:899-8033

### Til sölu



Heitir og kaldir gæðapottar sem hitta í mark hjá ÖLLUM í fjölskyldunni!

Sigurlaug	Gvendarlaug	Grettislaug	Geirslaug	Unnarlaug	Snorrulaug
124.500 kr.	177.000 kr.	239.000 kr.	257.000 kr.	285.000 kr.	278.000 kr.

Nú eigum við alla okkar potta til á lager, en það er ekki vist að það verði þannig í sumar. Kannski er bara rétti tíminn núna til að fara að huga að pottakaupum og tryggja sé pott fyrir sumarið, hver veit?



Íslensk framleiðsla í 38 ár!

Auðbrekku 6 200 Kópavogi  
Sími 565-8899 normx@normx.is

# Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055


## Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og búrústál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Friða, www.reisum.is

## Ferðabjónustuhús



Vönduð hús sem henta vel í ferðabjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Friða  
www.reisum.is

## ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARF ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is